

Því dæmist rétt vera:

Stefnendum, eigendum lóðarinnar Bræðraborgarstígur nr. 16, ber réttur til hindrunarlausrar umferðar um 2,5 m breiðan stíg á lóðinni Bræðraborgarstígur nr. 14, næst lóðamörkum við lóð stefnenda.

Stefndur, Guðmundur Gislason, eigandi lóðarinnar Bræðraborgarstígur 14, greiði stefnendum 500 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. marz 1944.

Nr. 74/1943. **Valdstjórnin** (Ólafur Þorgrímsson).
gegn

Axel Sigurgeirssyni, Hring Vigfússyni, Sigurjónu Jóhannesdóttur og Jóhannesi Bjarna Magnússyni (Theódór B. Lindal).

Brot á reglum um skömmtun matvörutegunda.

Dómur hæstaréttar.

Hin kærðu, sem öll eru deildarstjórar í tilteknum sölu-
búðum Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis hér í bænum, ráða því ekki, hverir hjá þeim starfa. Það er ekki sannað, að kærðu hafi valdið því af ásetningi eða gáleysi, að nokkur vanskil urðu á skömmtunarseðlum, er vörur voru seldar í þeim búðum félagsins, sem þau veittu forstöðu, enda hefur þeirri staðhæfingu kærðu ekki verið hnekkt, að þau hafi eftir fremsta megni reynt að hafa eftirlit með því, að starfsfólk í búðum þeirra gengi eftir skilum skömmtunarseðla. Ber því að sýkna hin kærðu í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 300.00, svo og málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærðu, Axel Sigurgeirsson, Hringur Vigfússon, Sigurjóna Jóhannesdóttir og Jóhannes Bjarni Magnússon, eiga að vera sýkn af kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Theódórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00 svo og málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 500.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. júní 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 10. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1286—1290/1943: Valdstjórnin gegn Axel Sigurgeirssyni, Hring Vigfússyni, Jóhannesi Bjarna Magnússyni og Sigurjónu Jóhannesdóttur, sem tekið var til dóms 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Axel Sigurgeirssyni Holtsgötu 15, Hring Vigfússyni Hringbraut 178, Jóhannesi Bjarna Magnússyni Þórsgötu 2 og Sigurjónu Jóhannesdóttur Ásvallagötu 8 fyrir brot gegn reglugerð nr. 159 18. september 1940, um sölu og úthlutun nokkurra matvörutegunda, sbr. lög nr. 37 12. júní 1939.

Hin kærðu eru komin yfir lögaldur sakamanna, og hefur Sigurjóna hvorki sætt ákærðu né refsingu, svo kunnugt sé.

Axel Sigurgeirsson hefur sætt þessum kærum og refsingum:

- | | | |
|------|-----------------|--|
| 1931 | $3\frac{1}{2}$ | Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | $2\frac{2}{3}$ | Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | $1\frac{1}{11}$ | Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1936 | $2\frac{2}{7}$ | Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1938 | $1\frac{2}{7}$ | Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um vinnutíma sendisveina. |
| 1938 | $2\frac{3}{11}$ | Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18 1901. |
| 1940 | $\frac{3}{1}$ | Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1940 | $\frac{3}{6}$ | Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1941 | $\frac{5}{6}$ | Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1942 | $\frac{3}{4}$ | Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður. |

Hringur Vigfússon hefur sætt þessum kærnum og refsingum.

1932 $\frac{2}{10}$ Kærður í Reykjavík fyrir árekstur reiðhjóls og bifreiðar. Málinu lokið án málshöfðunar.

1933 $\frac{7}{2}$ Sátt í Reykjavík, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.

Jóhannes Bjarni Magnússon hefur sætt þessum kærnum og refsingum:

1929 $\frac{4}{10}$ Sátt í Reykjavík, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.

1930 $\frac{3}{10}$ Sátt í Reykjavík, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.

1935 $\frac{3}{9}$ Sátt í Reykjavík, 5 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

Hin kærðu eru öll deildarstjórar í sölubúðum Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis hér í bænum. Hinn 11. f. m. ritaði skömmtunarskrifstofa ríkisins viðskiptamálaráðuneytinu og sendi því yfirlit yfir kaffi- og sykurkaup og sölu þessara verzlana KRON hér í bæ: á Bræðraborgarstíg, Hverfisgötu, Skerjafirði, Skólavörðustíg og Vesturgötu. Yfirlit þessi sýna nokkra birgðavöntun verzlana þessara árið 1942, og telur skömmtunarskrifstofan óhjákvæmilegt að láta fara fram lögreglurannsókn um hana.

Hinn 14. f. m. lagði viðskiptamálaráðuneytið svo fyrir, að mál þetta yrði rannsakað og síðan höfðað mál gegn forráðamönnum KRON fyrir brot gegn skömmtunarreglugerðinni.

Það er upplýst bæði af hálfu stjórnar KRON og hinna kærðu deildarstjóra, að deildarstjórnum var falið að sjá um innheimtu skömmtunarseðla fyrir seldar skömmtunarvörur, hverjum í sinni búð, og að sjá um skil þeirra til skömmtunarskrifstofunnar. Hafa þeir annast þetta starf allan þann tíma, er hér skiptir máli, og yfirstjórn félagsins eða aðalskrifstofa þess enga milligöngu haft í því efni.

Axel Sigurgeirsson var allt árið 1942 deildarstjóri í sölubúð KRON á Skólavörðustíg 12, og Hringur Vigfússon í sölubúð félagsins á Bræðraborgarstíg 47. Jóhannes Bjarni Magnússon var deildarstjóri í sölubúð félagsins á Þvervegi 2 í Skerjafirði frá miðjum marz mánuði 1942 til ársloka. Sigurjóna Jóhannesdóttir var deildarstjóri í sölubúð KRON á Vesturgötu 33 árið 1942, þar til búðin var flutt að Vesturgötu 15. Í búðinni á Vesturgötu 15 vann hún þó og sá um skömmtunarseðlaskil og skýrslur til skömmtunarskrifstofunnar fram að s. l. áramótum, en þá tók deildarstjórinn á Vesturgötu 15 við því starfi.

Lengst af árið 1942 var deildarstjóri í búðinni á Hverfisgötu 52 kona, sem nú er búsett í Ameríku, en nokkurn hluta ársins var þar deildarstjóri maður, sem nú er fluttur úr Reykjavík. Hvorugt þeirra er kært í þessu máli.

Yfirlit skömmtunarskrifstofunnar, sem viðurkennd eru rétt af hinum kærðu, sýna þessa birgðavöntun árið 1942:

Verzlanin Skólavörðustig 12 .	Kaffi	2691.00 kg,	sykur	19930.00 kg
—	Bræðraborgarst. 47	—	487.65	— — 2682.50 —
—	Þverveg 2	—	84.00	— — 864.00 —
—	Vesturgötu 33 og 15	—	1586.00	— — 5799.00 —

Sigurjóna Jóhannesdóttir var deildarstjóri á Vesturgötu 33 allt árið 1941, og sýnir yfirlit skömmtnarskrifstofunnar birgðavöntun í þeirri búð það ár 1756.00 kg sykur, og þetta viðurkennt rétt af kærðri.

Jóhannes Bjarni Magnússon telur, að birgðavöntunin í verzluninni á Þvervegi 2 hafi verið svipuð alla mánuði ársins 1942.

Hin kærðu hafa öll gert þá grein fyrir birgðavöntuninni, að sendlar verzlana hafi vanrækt að taka skömmtnarseðla hjá kaupendum heimsendra vara. Telja þau þetta einu orsök vöntunarinnar, nema Jóhannes Bjarni, er segir afgreiðslufólk búðarinnar á Þvervegi 2 hafa gleymt að taka skömmtnarseðla hjá kaupendum við afhendingu varanna.

Upplýst er, að miklir örðugleikar voru á því 1942 að fá hæfa sendla í matvöruverzlunir hér í bæ, og kveðst KRON oft hafa þurft að notast við óhæfa starfskrafta til sendiferða. Þá hefur verið lagður fram fjöldi vottorða frá viðskiptamönnum félagsins, þar sem segir, að sendlar félagsins hafi oft árið 1942, þegar þeir komu á heimili með vörur, hlaupizt á brott, án þess unnt væri að fá þá til að taka við skömmtnarseðlum fyrir vörunum.

Hin kærðu hafa haldið fram, að þau hafi reynt eftir megni að hafa eftirlit með því, að sendlarnir innheimtu skömmtnarseðlana, þó að sá misbrestur hafi á því orðið sem yfirlit skömmtnarskrifstofunnar sýna. En þar sem hinum kærðu var sérstaklega falið að sjá um skömmtnarseðlaskilin, hvert í sinni verzlun, verður að telja þau á þeirra ábyrgð og vöntun seðlanna þeim refsiverða. Einnig bendir hin mikla vöntun í búðunum á Skólavörðustig og Vesturgötu til þess, að skort hafi verulega á nægilegt eftirlit og stjórnsemi deildarstjóranna þar um seðlainnheimtuna.

Verður að líta svo á, að hin kærðu hafi öll brotið 1. gr. reglugerðar nr. 159 18. september 1940, og ber að ákveða þeim refsingar samkvæmt 17. gr. sömu reglugerðar, sbr. 2. gr. laga nr. 37 12. júní 1939.

Þykir refsing Axels Sigurgeirssonar hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing Sigurjónu Jóhannesdóttur þykir hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing Hrings Vigfússonar þykir hæfilega ákveðin 800 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing Jóhannesar Bjarna Magnússonar þykir hæfilega ákveðin

400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin kærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Theódórs B. Líndals, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður Axel Sigurgeirsson greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærð Sigurjóna Jóhannesdóttir greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Hringur Vigfússon greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Jóhannes Bjarni Magnússon greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theódórs B. Líndals, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1944.

Nr. 58/1943. **Jóhann Indriðason** (Sigurður Ólason)
gegn

Ingimar Jónssyni (Einar Ásmundsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson
í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Bætur vegna galla á seldri bifreið.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. júní f. á., gerir þær kröfur: Aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.